

Þvagflæði- og þvagafgangsmæling

Rannsóknin er gerð til að mæla þvagmagn og flæði frá þvagblöðru og meta þvagafgang í þvagblöðru.

Mæta á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Undirbúningur

Við komu á göngudeildina þarf að **vera mál að pissa** til að þvagflæðimæling verði marktæk. Láta þarf ritara deildar vita af sér við komu á deild til að hægt sé að gera þvagflæðimælinguna strax.

Rannsókn

Pissað er í tæki sem mælir kraft, magn og tíma sem þvaglátin taka. Síðan er afgangspvag í þvagblöðru mælt með ómskoðun.

Kostnaður

Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.